



Upplýsingagjöf í tengslum við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lánveitanda og lánamiðlara og einstaklings sem starfar sem lánamiðlari skv. XIII. og XIV. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Spurningalisti

Við útfyllingu spurningalistans skal aðili hafa hliðsjón af leiðbeiningum sem er að finna í viðauka við spurningalistann. Gerð er krafa um skýr og greinargóð svör.

1. Skráningarskyldur aðili

- a. Nafn þess skráningarskylda aðila sem spurningalistinn lýtur að:
- b. Staða yðar hjá framangreindum skráningarskyldum aðila:
 - Framkvæmdastjóri
 - Aðalmaður í stjórn
 - Varamaður í stjórn
 - Lánamiðlari (einstaklingur)
- c. Hvenær voruð þér ráðinn framkvæmdastjóri eða kosinn/skipaður í stjórn hjá framangreindum skráningarskyldum aðila (dd.mm.ár)?:

2. Grunnupplýsingar

- a. Fullt nafn:
- b. Upprunalegt nafn ef annað en núverandi:
- c. Kennitala:
- d. Ef þér eruð ekki með íslenska kennitölu skal gera grein fyrir fæðingardegi og ári:
- e. Fæðingarstaður:
- f. Lögheimili (heimilisfang, staður, póstnúmer og land):

Óskað er eftir undanþágu frá lögbundu búsetuskilyrði, ef við á

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- g. Ríkisfang:
- h. Símanúmer (þ.m.t. landsnúmer):
- i. Netfang:

3. Hlutlæg hæfisskilyrði

Eruð/Hafið þér:

- a. lögráða?

- Já
- Nei

- b. verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum?

- Já
- Nei

- c. í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um gjaldeyrismál svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

- Já
- Nei

4. Mat á þekkingu og reynslu

- a. Hafið þér lokið háskólaprófi?

- Já.

Greina skal hér frá skóla, gráðu (grunn nám, framhaldsnám), námsgrein og hvenær námi lauk.

- Nei

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

b. Hafið þér lokið annarri menntun?

Já.

Greina skal hér frá menntun (framhaldsskólanám, starfsmenntun, endurmenntun, styttra nám á háskólastigi o.s.frv.), námsgrein, skóla, og hvenær nám hófst og hvenær því lauk.

Nei

c. Upplýsingar um núverandi og fyrri störf.

Hér skal veita upplýsingar um þau störf sem þér innið af hendi í dag og störf sem þér hafið innt af hendi síðastliðin 10 ár. Tilgreina skal vinnustað, starfsheiti og greinargóða lýsingu á meginþáttum starfsins, þ.m.t. helstu viðfangsefnum og verkefnalegri og stjórnunarlegri ábyrgð tengdri starfinu.

Ef við á, skal hér enn fremur gerð grein fyrir þeim störfum sem þér hafið innt af hendi fyrir meira en 10 árum síðan. Tilgreina skal vinnustað og starfsheiti, ásamt því að gera í stuttu máli grein fyrir helstu meginþáttum starfsins.

d. Upplýsingar um núverandi og fyrri stjórnarsetu.

Hér skal tilgreina nöfn allra félaga sem þér sitjið í stjórn í dag, sem aðalmaður eða varamaður, og nafn allra félaga sem þér hafið setið í stjórn, sem aðalmaður eða varamaður, á síðastliðnum tíu árum. Vinsamlegast tilgreinið einnig tímabil.

Á ekki við.

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- e. Rökstyðjið hér með ítarlegum hætti að þér búið yfir nægilegri þekkingu, hæfni og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu yðar á tilhlýðilegan hátt, m.a. að þér hafið þekkingu á þeirri starfsemi sem sá skráningarskyldi aðili, sem spurningalistinn lýtur að, stundar.

5. Mat á orðspori

- a. Hafið þér í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað;
- i. vegna brota á lögum sem tilgreind eru í c-lið 3. spurningar og meira en 10 ár eru liðin frá því að dómur féll og/eða
 - ii. vegna brota á öðrum lögum en þeim sem tilgreind eru í c-lið 3. spurningar, óháð því hvenær dómur féll?

Já

Nei

Ef framangreindri spurningu er svarað játandi skal hér upplýsa um tegund brots, refsingu, hvenær dómur var kveðinn upp auk þess sem gera skal grein fyrir númeri dómsmáls.

- b. Hafið þér fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings?

Já

Nei

Ef framangreindri spurningu er svarað játandi skal senda afrit af úrskurði með spurningalista þessum.

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- c. Hafið þér vitneskju um að lögaðili sem tengist eða hefur tengst yður á síðastliðnum 10 árum í gegnum stjórnun, stjórnarsetu eða eignarhald, hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar, leitað nauðasamnings eða fengið úrskurð um töku bús til gjaldþrotaskipta?

Já

Nei

Ef framangreindri spurningu er svarað játandi skal hér veita upplýsingar um hvaða lögaðila og tímabil er að ræða og í hverju tengslin fólust.

- d. Á eitthvað af eftirtöldu við um yður?

- i. Hefur verið vikið úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, hvort heldur af hálfu vinnuveitanda eða eftirlitsstofnunar.

Já

Nei

- ii. Farið hefur verið fram á uppsögn/afsögn yðar úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, hvort heldur af hálfu vinnuveitanda eða eftirlitsstofnunar.

Já

Nei

- iii. Hefur verið sviptur starfsréttindum.

Já

Nei

Ef einhverjum af framangreindum liðum er svarað játandi skal hér greina frá ártali og ástæðum.

e. Á eitthvað af eftirtöldu við um yður?

i. Hefur sætt/sætir opinberri rannsókn af hálfu lögreglu og eftir atvikum fengið réttarstöðu grunaðs manns.

Já

Nei

ii. Hefur sætt/sætir rannsókn, verið aðili að viðurlagamáli eða beittur viðurlögum af hálfu eftirlitsstofnunar.

Já

Nei

iii. Hefur verið aðili að dómsmáli (á bæði við um einkamál og sakamál).

Já

Nei

iv. Hefur verið aðili að stjórnsýslumáli þar sem tekin hefur verið íþyngjandi ákvörðun gagnvart yður.

Já

Nei

v. Hefur verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf.

Já

Nei

vi. Hefur sætt afturköllun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf.

Já

Nei

vii. Hefur vitneskju um að liðir i-vi hér að framan eigi við um lögaðila sem tengist eða hefur tengst yður á síðastliðnum 10 árum í gegnum stjórnun, stjórnarsetu eða eignarhald.

Já

Nei

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

viii. Hefur sætt hæfismati af hálfu erlendrar eftirlitsstofnunar sem framkvæmdastjóri/
stjórnarmaður/virkur eigandi hjá eftirlitskyldum aðila á fjármálamarkaði.

Já

Nei

ix. Hefur sætt einhvers konar mati á hæfi og hæfni af hálfu stjórnvalda í öðrum tilvikum
en tilgreind eru í h- og lið.

Já

Nei

Ef einhverjum af framantöldum liðum er svarað játandi skal hér veita frekari upplýsingar.

Undirskrift

Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því yfir að framangreindar upplýsingar eru réttar og skuldbind mig jafnframt til þess að upplýsa Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum mínum og varðað geta hæfi mitt sem framkvæmdastjóra/stjórnarmanns hjá lánveitanda eða lánamiðlara eða sem einstaklings sem starfar sem lánamiðlari. Mér er ljóst að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf getur haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi mínu til að gegna starfi framkvæmdastjóra/stjórnarmanns hjá lánveitanda eða lánamiðlara eða sem einstaklings sem starfar sem lánamiðlari og getur varðað við lög, sbr. 146. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Staður

Dagsetning

Undirritun framkvæmdastjóra/stjórnarmanns/lánamiðlara

Viðauki

Leiðbeiningar um útfyllingu spurningalista

Mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lánveitanda og lánamiðlara

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) leggur mat á það hvort framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lánveitanda og lánamiðlara og einstaklings sem starfar sem lánamiðlari uppfylli þau hæfisskilyrði sem kveðið er á um í lögum sem gilda um starfsemi þeirra. Vakin er athygli á því að framkvæmdastjóri og stjórnarmenn þurfa að fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum svo lánveitandi og lánamiðlari fullnægi skilyrðum til skráningar.

Hæfisskilyrði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lánveitanda og lánamiðlara og einstaklings sem starfar sem lánamiðlari eru tilgreind í:

- 43. og 47. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Um lágmarkskröfur um þekkingu og hæfni er fjallað í:

- 9. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.
- III. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda.

Upplýsingagjöf í tengslum við mat á hæfi

Upplýsingagjöf samkvæmt spurningalista þessum er liður í lögbundnu mati Fjármálaeftirlitsins á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lánveitanda og lánamiðlara og einstaklings sem starfar sem lánamiðlari. Fjármálaeftirlitið fer fram á að framkvæmdastjóri/stjórnarmaður/lánamiðlari fylli sjálfur út framangreind skjöl og skulu svörin vera skýr og greinargóð. Upplýsingagjöfin skal taka til atburða sem kunna að hafa átt sér stað jafnt innan sem utan Íslands. Ef upplýsingagjöfin er ófullnægjandi er Fjármálaeftirlitinu ekki mögulegt að leggja mat á það hvort hæfisskilyrði séu uppfyllt og getur það leitt til þess að synjað verði um skráningu ef ekki er bætt úr upplýsingagjöfinni.

Undirrituðum spurningalista skal senda Fjármálaeftirlitinu ásamt fylgigögnum, ef við á, á netfangið fme@sedlabanki.is.

Fjármálaeftirlitið getur farið fram á að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn og einstaklingar sem starfa sem lánamiðlarar skili inn frekari gögnum til nánari skýringar á upplýsingagjöfinni.

Röng upplýsingagjöf

Veiti framkvæmdastjóri/stjórnarmaður/lánamiðlari rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur það haft áhrif á hæfismatið. Þá getur röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf jafnframt varðað sektum eða fangelsi allt að 4 mánuðum, sbr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þagnarskylda

Bankaráðsmenn, seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, nefndarmenn í peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu skv. 41. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um málefni Seðlabankans, viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 92/2019 veitir Seðlabankinn ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um þau gögn sem framkvæmdastjóri/stjórnarmaður/lánamiðlari afhenda í tengslum við mat á hæfi þeirra.